

1866.

10. janúar.

#### 4. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um jarðaskipti.

Í bænarskrá, er hingað hefir borizt með bréfi yðar, herra amtmáður, 26. októbermán. f. á., hefir Pétur Fr. Eggerz, kaupmaður, sókt um að fá þessar þjóðjardir: Borðeyri, Hladhamar, Litlu-Hvalsá og Eyjar, en þær eru alls 36,4 hundruð að dýrleika með  $4\frac{1}{2}$  kúgildi, og liggja undir Stranda sýslu umboð, í jarðaskiptum fyrir Garðapláz, er svo er nefnt, í Staðar sveit í Snæfellsnessýslu, en það er 37,3 hundruð að dýrleika með 11 kúgildum, þannig, að hann afsali sér öllu tilkalli til lóðartolls þess, er gjalda á af verzlunarstaðnum Borðeyri, þó að undantekinni lóð þeirri, sem Guðmundi Einarssyni og honum hefir verið mæld út. Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörði það, að beiðandanum ekki verður veitt það sem hann sækir um.

Um leið eruð þér beðnir, herra amtmáður, að skýra stjórnarráðinu frá, hvaða ráðstafanir hafi gjörðar verið útaf bréfi þess 12. marzmán. 1864, um lóðartoll af Borðeyri.

12. janúar.

#### 5. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir kennslu í læknisfræði.

Í bréfi dagsettu 7. aprílmán. f. á. hefir stiptamtíð skýrt frá, að á árunum 1861 og 1862 hafi Hjaltalín, landlækni og jústizráði, verið borgaðir 332 rd. 68 sk. úr jafnaðarsjóði suðuramtsins fyrir að kenna Þorvaldi Jónssyni, sem nú er settur héraðslæknir í hinu nyrðra læknisumdæmi í vesturamtinu, læknisfræði. Hefir stiptamtíð látið þá skoðun í ljósi, að vesturumdæminu sé skylt að endurgjalda jafnaðarsjóði suðuramtsins fê þetta, þar sem árangurinn af kostnaði þeim, sem hefir verið varið á þenna hátt til að kenna greindum lækni, hafi komið því í hag, og hefir stiptamtíð farið þess á leit, að stjórnarráðið skipi fyrir um, hvernig vesturamtíð eigi að haga sér í þessu efni.

Eptir að fengið hefir verið álitsskjal amtmannsins yfir vestur-

umdæminu um málefni þetta, skal yður til vitundar gefið yður <sup>1866.</sup>  
til leiðbeiningar, að með því að lækniir sá, sem hér ræðir um, 12. Janúar.  
hvorki er skipaður aðstoðarlæknir í vesturumdæminu, og  
honum heldur ekki hefir verið kennd læknisfræði eptir tilhlutun  
þess, þá getur suðuramtið, þó það þykist eiga tilkall til að fá  
endurgoldinn kostnað þann, sem varið hefir verið til að kenna  
honum til að verða aðstoðarlæknir, samkvæmt reglum þeim, sem  
settar eru í bréfi dómsmálastjórnarinnar 12. maímán. 1849<sup>1</sup>, að  
minnsta kosti ekki komið fram með það tilkall gegn jafnaðarsjóði  
vesturamtsins.

**6. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir 12. janúar.**  
vesturumdæminu, um skipti á dánarbúi Melsteðs  
amtmanns.

Í bréfi dagsettu 15. júnímán. f. á. skýrði dómsmálastjórnin  
amtinu frá, að hún af ástæðum þeim, sem teknar eru fram í  
úrskurði hennar 3. októbermán. 1864, enn sem fyr hlyti að  
vera á því máli, að sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu ætti að  
fá dánarbúi Melsteðs amtmanns, sem sýslumaðurinn í Mýra og  
Hnappadalssýslu hafði til meðferðar sem settur skiptaráðandi, til  
skiptaumráða framvegis, og þar sem hinn fyrnefndi sýslumaður

<sup>1</sup>) Kaffi sá í bréfinu, sem hér er skýrskotað til, er svo látandi:

þar sem þér, herra stiptamtmaður, hafið spurt um, úr hvaða  
amts jafnaðarsjóði eigi í hverju einstöku tilfelli að greiða borgun  
þá fyrir að kenna aðstoðarlæknunum, sem skipað er fyrir um í  
opnu bréfi 23 águstímán. 1848, þá fæ eg ekki sæð, að aðrar  
reglur verði gefnar um það efni, en að greiða eigi borgunina úr  
jafnaðarsjóði þess amts, sem hlutast hefir til um, að aðstoðar-  
lækninum er kennt, og má ætla, að það venjulega sé sama amtið,  
sem kennslan fer fram í. Að minnsta kosti er það sjálfsagt, að  
þegar borgunin hefir verið greidd úr jafnaðarsjóði eins amtsins,  
ber að annast um, að það njóti árangursins af kennslunni.

Að öðru leyti verða amtmennirnir, hver í sínu umdæmi, að  
ákveða, hverjum og hvernig eigi að greiða borgun þá, sem hér  
ræðir um, og yfir höfuð að tala að annast um, að henni sé varið  
á hagfelldasta hátt.